

um frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, og 1. nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breyt. á þeim lögum.

## Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hafði frumvarp þetta til athugunar á sex fundum. Auk þess að bera frumvarpið saman við gildandi lög, er það snertir, sendi hún það til umsagnar Eimskipafélagi Íslands, skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Skipaútgerð ríkisins. Enn fremur ræddi nefndin um frumvarpið við tollstjóranum í Reykjavík, fulltrúa hans og fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu. Eftir að umsagnir höfðu borizt frá skipafélögunum, sendi nefndin þær tollstjóranum til athugunar, og lét hann nefndinni í té skrifleg svör við athugasemdum þeirra.

Nefndin leggur öll til, að frumvarpið verði samþykkt, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur gagnvart breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Tveir nefndarmanna (Gísli og Ljóh) taka fram eftirfarandi: „Við litum svo á, að tolleftirlitið í landinu húi hvarvetna við svo örðug skilyrði, að þess sé ekki að vænta, að fullur árangur náist, fyrr en mjög viðtækar umbætur hafi verið gerðar á allri aðstöðu til tollgæzlu. Þær umbætur þurfa mikinn undirbúning, kosta mikið fé og taka langan tíma. En að því ber að stefna, að svo verði gert. Er því nauðsynlegt að hefjast þegar handa um að skipuleggja þær framkvæmdir og gera áætlanir um kostnað þeirra. En einn liður þeirra er lokun tollhafna eða þess hluta þeirra, sem tollvörur fara um, og þó einkum hér í Reykjavík, en frv. gerir ekki ráð fyrir neinum slíkum framkvæmdum.

Eins og athugasemdir með frv. á þskj. 135 bera með sér, er það í ýmsum atriðum sniðið eftir fyrirmyndum annarra þjóða, sem hafa við allt önnur og betri skilyrði að búa í tollgæzlu, og samrýmast því að okkar álitu ekki þeim aðstæðum, sem hér eru fyrir hendi. Við teljum, að fyrst um sinn sé það bæði nauðsynlegt og affarasælast að hafa fullt samstarf á milli tollgæzlunnar og þeirra aðila, sem annast flutninga og geymslu tollvara, og að á meðan tolleftirlitið er svo háð þeim aðilum sem raun ber vitni um, sé engan veginn rétt eða viturlegt að lögfasta mörg veigamikil atriði, sem beinlínis snerta hagsmuni þeirra, gegn sterkum mótmælum af þeirra hendi, eins og hér er ætlað til að gert verði. Þá þykir okkur rétt að taka fram, að þótt við séum því fullkomlega sammála, að gera verði allt, sem unnt er og frambærilegt til þess að koma í veg fyrir smygl á tollskyldum vörum, þá verði þó jafnan að hafa gát á því, að ekki sé með því brotið niður það réttaröryggi, sem hver þjóðfélagsþegn á kröfu á í lýðræðislandi, og að kostnaðinum sé jafnframt haldið innan þeirra takmarka, að hann verði ekki mun meiri en hagnaðurinn af eftirlitinu fyrir þjóðina í heild.

Með tilvísun til þessa munum við því bera fram breytingartillögur við 2. umr., er tryggi þessi sjónarmið okkar á málinu, og skrifum því undir með fyrirvara.“

Nefndin í heild litur svo á, að nauðsynlegt sé að afla fjár til þess að koma upp byggingum fyrir tollstöðvar. Flytur hún þar af leiðandi eftirfarandi

## BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

Frá 1. janúar 1957 skal leggja í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli, um leið og þeir eru innheimtir samkvæmt tollskrá, og viðaukum við þá, svo og öðrum aðflutningsgjöldum, þó eigi söluskatti né framleiðslusjóðsgjaldi samkv. 13. gr. laga nr. 4 frá 1956. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu og/eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Ríkisstjórnin úrskurðar um það, hvar og hvenær byggja skuli eða kaupa.

Alþingi, 28. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson,  
form.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr., með fyrirvara.

Karl Kristjánsson,  
frsm.

Gísli Jónsson,  
með fyrirvara.

H. Guðmundsson.